

LÖG

um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (bifreiðagjald, olíu- og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „við skráningu“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 15 dögum eftir nýskráningu.
- b. 5. mgr. orðast svo:

Við eigendaskipti að bifreið skal endurgreiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili sem er að líða þegar eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá. Gjaldskylda flyst jafnframt frá þeim tíma yfir á kaupanda vegna þess sem eftir er af gjaldtímabilinu, með eindaga 15 dögum síðar.
- c. Í stað orðanna „við afhendingu skráningarmerkis“ í 2. málsl. 7. mgr. kemur: 15 dögum eftir skráningu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Orðin „taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra“ í 3. málsl. falla brott.
 2. Lokamálsliður fellur brott.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr.:
 1. Orðin „svo sem að framan segir“ falla brott.
 2. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjalds.
- c. 4. og 5. mgr. falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004.

3. gr.

Í stað orðsins „póstlagningu“ í 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: dagsetningu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Á eftir orðunum „koma með ökutæki til álestraraðila“ í 2. másl. kemur: sem er faggilt skoðunarstöð, tollyfirvöld við innflutning og útflutning eða eftir atvikum Vegagerðin.
 2. Á eftir 2. másl. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að álestur af öikumæli gjaldskylds ökutækis geti jafnframt farið fram rafrænt og skal þá faggilt skoðunarstöð yfirfara og senda ríkisskattstjóra skráningu álestrar við næstu aðalskoðun ökutækis.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr.:
 1. Á eftir orðunum „lætur ekki lesa af öikumæli þess“ í 1. másl. kemur: eða álestur er ekki skráður rafrænt.
 2. Á eftir orðinu „álestrar“ í 4. másl. kemur: eða geri grein fyrir álestri með rafrænum hætti.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef komið er með ökutæki til álestrar eða álestur skráður rafrænt eftir að álestrar-tímabili, sbr. 1. mgr., er lokið skal kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald ákvarðað með útreikningi á meðaltali ekinna kílómetra á dag á tímabilinu á milli álestra. Þá skal gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir 1. janúar vegna álestrartímabils sem stendur frá 1. til 15. desember árið áður og eftir 1. júlí vegna álestrartímabils sem stendur frá 1. til 15. júní sama ár.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „því að hún var tilkynnt“ í 1. másl. kemur: dagsetningu tilkynningar.
- b. Í stað orðsins „póstlagningu“ í 2. másl. kemur: dagsetningu.

6. gr.

Orðin „og tilkynna lögreglu um það þegar í stað“ í 2. másl. 1. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum,
eldsneyti o.fl., nr. 29/1993.**

7. gr.

Orðin „og tollyfirvöldum þegar tilkynnt um það“ í 2. másl. 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. desember 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.